

Samþykktir fyrir Vínafélag gamla bæjarins í Múlakoti

1. gr.

Félagið heitir Vínafélag gamla bæjarins í Múlakoti. Heimili þess er í Múlakoti, Rangárþingi eystra og varnarþing er á Hvolsvelli.

2. gr.

Tilgangur Vínafélagsins er að styðja sjálfseignarstofnunina Gamli bærinn í Múlakoti til að endurbæta, varðveita og sjá um rekstur gamla bæjarins í Múlakoti á þann veg að sem mest starfsemi geti farið fram í húsinu og tengdum mannvirkjum til að standa undir rekstrarkostnaði. Þá skal stefnt að því að komið verði fyrir í húsinu myndum og munum sem tengjast sérstaklega sögu hússins og e.t.v. fleiru sem vel þykir fara innan húss og utan. Fjár til starfseminnar skal afla með félagsgjöldum og frjálsum framlögum félagsmanna ásamt styrkjum frá opinberum aðilum.

3. gr.

Félagar geta orðið einstaklingar, fyrirtæki, félög, stofnanir og sveitarfélög sem leggja því lið að varðveita og reka gamla bæinn í Múlakoti samkvæmt skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Gamli bærinn í Múlakoti.

4. gr.

Stjórn Vínafélagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara, sem kosnir skulu á aðalfundi til tveggja ára. Í stjórninni skal alltaf sitja einn fulltrúi eigenda Múlakots II. Stjórnin skiptir með sér verkum og kemur sér saman um endurnýjunarreglur fyrir stjórnarmenn. Á aðalfundi skulu kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga.

5. gr.

Félagsfundir og stjórnarfundir skal boða með minnst þriggja daga fyrirvara með bréfi, tölvupósti, símleiðis eða auglýsingu í fréttablaði. Stjórnarfundir eru lögmatir ef meiri hluti aðalmanna er mættur og félagsfundir ef löglega er til þeirra boðað. Stjórnin skal halda fundargerðabók um það sem gerist á fundunum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar og félagsfunda.

Aðalfundur skal halda eigi síðar en 31. maí ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál



6. gr.

Reikningsár Vínafélags gamla bæjarins í Múlakoti er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

7. gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

8. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

9. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Verði Vínafélagið lagt niður verður að taka ákvörðun um það á aðalfundi með sama atkvæðamagni og þarf til að breyta samþykktum þessum og verður eignunum þá ráðstafað samkvæmt ákvörðun aðalfundar í samráði við sveitarstjórn Rangárbings eystra.







10 gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Á stofnfundi Vínafélagsins í febrúar 2015 skulu tveir aðalmenn og einn varamaður í stjórn kosnir til 3ja ára en þrír aðalmenn og einn varamaður til 2ja ára.

Þannig samþykkt á stofnfundi Vínafélags gamla bæjarins í Múlakoti þann 21. febrúar 2015

Í stjórn Vínafélagsins:


Björn Gunnarsson

Arnika Þorvaldsson

Sigríður Hartar

Hrefna Jónsdóttir

Ólafur Pálsson

Óskar Pálsson